Á leiðinni komst prinsinn að því að nafn stúlkunnar fögru var Rósaní. Þegar þau komu til hallarinnar kynnti hann hana fyrir drottningunni móður sinni sem hina færustu og hraðvirkustu spunakonu í öllu kóngsríkinu. Drottning tók vel á móti henni, virti stúlkuna vandlega fyrir sér, og hrósaði henni fyrir yfirlætislausan yndisþokkann sem hún var gædd, en sumum konum innan hirðarinnar sem stærðu sig af fullkominni fegurð fannst þær niðurlægðar. Drottning lét koma Rósaní fyrir í vistarverum þar sem eitt herbergi tók við af öðru og öll voru þau full af óspunnum hampi og hör sem var rómaður um allan heim. Þar var að finna hamp frá Sýrlandi og Bretaníu, hör frá Grikklandi, Picardí og Flæmingjalandi, og jafnvel hinn einstaka óbrennanlega hör sem notaður er í undursamlegan striga sem logandi eldur fær ekki grandað. Rósaní var sagt, eins og til að gleðja hana, að hún mætti velja hvar hún hæfist handa, en svo var bætt við að það skipti hana líklega ekki máli því að þar sem hún væri svo ung og færari en hinar spunakonurnar, myndi drottningin hafa hana lengi í sinni þjónustu og gera vel við hana, og hún ætlaði Rósaní að spinna þetta allt.

Þegar veslings stúlkan var orðin ein fylltist hún örvæntingu; hún hafði óyfirstíganlega óbeit á spunastarfinu og leit á það sem óbærilega kvöl að sitja við þá iðju í nokkrar klukkustundir. Þó var það þannig að þegar hún hafði safnað nægu hugrekki til að vinna um stund, vann hún verkið af ótrúlegri leikni. Þráðurinn var jafn og fínleikinn óaðfinnanlegur, en henni vannst verkið svo undur hægt að þótt hún hefði setið við linnulaust frá morgni til kvölds hefði henni varla tekist að spinna hálfu snældu á dag.

Í þessu samhengi má gera sér í hugarlund áhyggjunnar sem hún hafði af álitum drottningar í sinn garð. Hún sá ekki hvernig hún gæti komið sér út úr ógöngunum sem illkvittni móður hennar hafði komið henni í. Þó var hún himinlifandi yfir að hafa verið hrifin úr höndum þessarar móður sem sýndi henni ekki annað en hörku. Vinsemdin og elskulegheitin sem drottningin hafði sýnt henni hleyptu lífi í ímyndunarafli hennar og hirðin sem hún var nýkomin til og hafði ekki barið augum nema örskamma stund kom henni nú þegar fyrir sjónir sem viðkunnanlegur dvalarstaður. Hún hafði hrifist af öllu sem fyrir augu bar en gerði sér grein fyrir því að hún gæti ekki dvalið áfram við hirðina nema í hlutverki færu spunakonunnar, og hún var viss um að þá hæfileika fengi hún aldrei. Um nóttina var hún gagntekin af þessum óbærilegu hugsunum og kom ekki blundur á brá eitt

andartak. Kóngssonur svaf ekki heldur. Aðdráttarafl og einlægur yndisþokki Rósaní höfðu snortið hann svo ákaflega að alla nóttina sá hann fyrir sér svipmyndir af þessari heillandi stúlku.

Þegar drottningin var komin á fætur sendi hún boð til Rósaní um að hún vildi ræða við hana. Þennan morgun var það dagur hjá drottningu þannig að þegar Rósaní kom var þar fyrir fjöldi kvenna sem virti þessa fögru stúlku fyrir sér af athygli. Kóngurinn sem hafði ekki enn barið Rósaní augum var einmitt staddur inni hjá drottningu og horfði nú á hana með athygli og hældi henni á hvert reipi. Kóngsson var einnig á staðnum og var ennþá hrifnari en faðir hans en sagði þó ekkert. Rósaní hreif svo sannarlega alla sem á hana horfðu þrátt fyrir einfalda purpuralita treyjuna sem hún klæddist og ólögulega hárgreiðsluna. Mittið var grannt og vel lagað og hreyfingarnar svo leikandi léttar að þrátt fyrir uppeldið sem hin fagra snót hafði fengið var hún ekki klunnaleg í hreyfingum eins og þorpsbúarnir. Glóbjart og fallegt hár hennar lá yfir fallegu enninu og í skínandi bláum augunum mátti greina bæði mildi og gáska. Nefið var beint, munnurinn lítill og vel lagaður, og eins og við var að búast var fegurð hennar fullkomin, tennurnar skjannahvítar, litarhaftið ljóst og töfrandi, og léttur roði gaf því ákveðinn ljóma. Í reglulegum andlitsdráttunum og allri framkomu hennar glitti í ferskan yndisþokkann og heillandi fasið sem eru meginkjarni fegurðarinnar.

Þrátt fyrir að hún hefði ekki sofið um nóttina virtist hún ekki þreytt. Óþægindin sem hún fann fyrir undan augnaráði hirðarinnar hleyptu roða í kinnar hennar, sem varð þó aðeins til að auka enn á aðdráttaraflið. Það var greinilegt að starf hennar sem spunakona, sem hún sinnti innandyra, hafði varið húð hennar fyrir sólargeislunum. Öllum konunum sem töldu sig vera fallegar var skapraunað og þær kappkostuðu að finna galla í andliti hennar og vaxtarlagi. Þær yngri settu í gáleysi fram ótal smánarlegar athugasemdir í hennar garð. Þannig dró hún að sér athygli hirðarinnar á ýmsa vegu. Um leið og kóngurinn fór sagði hann við drottningu að hann ráðlegði henni að finna önnur föt á þessa fögru stúlku því að klæðnaður hennar væri sérkennilegur og of frábrugðinn fatnaði annarra stúlkna í höllinni. Drottning svaraði því til að hún hefði þegar hugsað út í það og því var Rósaní skömmu síðar færð hrein föt og höfuðbúnaður í samræmi við tískuna sem ríkti á þeim tíma við hirð hins réttláta konungs. Þennur drottningar greiddu henni og klæddu af mikilli alúð og sýndu henni í smáatriðum hvernig hún ætti framvegis að bera sig að við að hafa sig til. Fötin fóru henni afar vel og þannig birtist hún í kirkjunni þar

sem kóngssonur sá hana. Honum fannst hún fallegr en nokkru sinni fyrr og sló henni gullhamra háum rómi þegar hún gekk framhjá honum. Þau sem ekki höfðu séð hana inni hjá drottningu stórðu á hana forvitnum augum og þar sem margir vissu ekki hvað hún hét og kóngur hafði nefnt hana *fögru spunakonuna*, festist það nafn við hana og á innan við sólarhring varð hún svo þekkt að bæði við hirðina og í bænum var fallega spunakonan á allra vörum.

Fjölmargar ungar og fallegar stúlkur höfðu fengið nóg af að heyra stanslaust talað um spunakonuna og öfunduðu hana af fegurð hennar og vegsemd. Stúlkan sem vakti þessa miklu afbrýði var þó oft döpur og leið. Á fyrsta degi sínum í höllinni sagðist hún hafa krampa í fingrum til að sleppa frá spunavinnunni sem var henni óbærileg og þann dag vék gleðin yfir ríkulegum klæðnaði og sífelldu hrósi sem hún fékk vegna fegurðar sinnar burt áhyggjum hennar vegna vinnunnar sem henni var ætluð. Þernur drottningar voru flestar komnar af léttasta skeiði og stærðu sig ekki lengur af fegurð. Fyrst sýndu þær Rósaní vinsemd sem hún svaraði með auðmýkt og góðvild. Þær gengu með henni um alla höllina og sýndu henni jafnvel ýmsa staði í bænum og það gladdi þennan nýja íbúa hallarinnar sem ekki var vanur að hafa fyrir augum svo stórfenglega hluti. En um kvöldið þegar hún sneri aftur í herbergið sitt sem fullt var af óspunnum hör, varð sú andstyggilega sjón til þess að örvænting helltist yfir hana á ný. Hún náði þó að endurheimta ró sína og svaf mun betur en hún hafði gert nóttina áður. Næsta dag þegar hún var komin á fætur hugsaði hún sér að klæða sig í fallegu fötin sem drottningin hafði látið henni í té, en hún var langt frá því að hafa tekið nógu vel eftir því sem þernur drottningar höfðu sýnt henni til að geta leikið það eftir og henni tókst ekki að gera það almennilega þótt hún greiddi sér og klæddi meira en tuttugu sinnum í von um að sér tækist verkið. Eftir ótal tilraunir var útkoman enn afleit og á engan hátt smekkleg. Hún var sorgmædd yfir þeim litla árangri sem viðleitni hennar á þessu sviði hafði borið og reyndi að bæta það upp annars staðar. Hún fyllti á hörbrúðuna og hóf að spinna, en þar sem hendur hennar unnu jafn hægt og áður þrátt fyrir að hún legði sig alla fram, tókst henni ekki að spinna þráð á fjórðung snældunnar frá því um tíuleytið þegar hún hafði lokið við að klæðast og rétt fram yfir hádegi, þegar boð komu frá drottningu um að fá að sjá afraksturinn.

Þegar Rósaní fékk boðin brast hún í grát en reyndi svo að finna aftur upp einhverja afsökun sem gæti orðið henni til bjargar. Hún gekk fyrir drottningu niðurdregin á svip og sagðist vera miður sín því að handleggurinn væri undirlagður af gigt sem kæmi í veg fyrir

að hún gæti sýnt færni sína við verkið. Hún bætti því við að hún hefði gert allt sem hægt væri til að vinna bug á veikindunum en eftir að hafa byrjað með snælduna og keflið tuttugu sinnum á tíu mismunandi vegu án árangurs, hefði hún þrátt fyrir mikla þrautseigju aðeins náð að spinna þetta litla sem hún sýndi drottningu. Vinnusama drottningin var hæstánægð með bandið og það staðfesti álit hennar á hæfileikum spunastúlkunnar, og þar sem drottningin var góðhjörtuð kenndi hún í brjósti um hana, sagðist ekki vilja að hún reyndi of mikið á handlegginn og að hirðlæknirinn ætti að líta á hana. Rósaní óttaðist að það myndi uppgötvast að ekkert amaði að henni og sagði við drottningu að hún þyrfti ekki á neinum meðölum að halda, henni myndi örugglega batna fljótt, því að í hvert skipti sem gigtin hrjáði hana þyrfti hún aðeins að hvíla sig til að verkurinn liði hjá. Drottning lét sér þessi rök nægja, en þegar Rósaní var farin, lágu þjónustustúlkur hennar ekki á þeirri skoðun sinni að gigtin og krampanir væru ekki annað en uppgerðarveikindi og það liti út fyrir að þessi fagra snót sem sögð væri svo fær og hraðvirk væri í raun bæði óverklagin og seinvirk. Þær voru í raun fullar afbrýði í garð nýju stúlkunnar vegna þeirrar sérmedferðar sem hún hafði notið. Vesalings Rósaní heyrði þetta tal sem olli henni mikilli kvöl og til að auka enn á ógæfu hennar, skellihlógu þernur drottningar og aðrar konur við hirðina að afkáralegri hárgreiðslu hennar og klæðnaði og gerðu óspart grín að purpuralitu treyjunni hennar og pilsinu, og fullyrtu að það hefðu verið mikil mistök að færa hana úr flíkunum þar sem þær hefðu farið henni mun betur en nýju fötin ungfrúarinnar.

Rósaní afbar ekki þetta átakanlega mótlæti, hún yfirgaf höllina og gekk um hallargarðinn þar til hún kom inn í þéttan skóg í útjaðri garðsins. Skyndilega varð hún svo úrvinda að hún settist niður við bakka straumharðrar ár sem liðaðist um skóginn. Hún hugsaði um dapurleg örlög sín og til hvaða bragðs hún gæti tekið í þeirri stöðu sem hún var. Annað veifið var hún ákveðin í að snúa aftur heim til grimmu og óvægnu móður sinnar, en þegar henni varð hugsað til þess hversu illa hún hafði komið fram við hana allt frá dauða föður hennar, þá álasaði hún sjálfri sér fyrir að láta sér detta í hug að fara aftur heim. Þrátt fyrir að vera bæði ung og óreynd fann hún fyrir óbeit á lífsmátanum í þorpinu sem veran við hirðina hafði ekki náð að draga úr, þrátt fyrir að hún hefði ekki dvalið þar nema stutta stund. Á hinn bóginn sá hún að hún myndi baka sér óvild drottningar, verða rekin frá höllinni í skömm og jafnvel hljóta refsingu þegar drottning áttaði sig á því að henni hefði verið sagt ósatt um hæfileika hennar til að spinna. Hún sá engu að síður fyrir sér að sannleikurinn kæmi í ljós, hún var komin í þrot og það var ekki meiri tími til að

gera sér upp krampa og gigt svo vel væri. Hún beið þeirrar stundar þegar hún yrði aðhlátursefni og leiksoppur allra þeirra sem höfðu öfundað hana svo mjög.

Í þessum þungbæru hugleiðingum, þar sem hún gaf sig alla á vald örvæntingunni, sagði hún við sjálfa sig að það væri ekki annað fyrir hana að gera en deyja. Gagntekin af þessari hugsun gleymdi hún hversu þreytt hún var og hún stóð á fætur og gekk að háreistum garðskála í hinum enda skógarins sem þernur drottningar höfðu sýnt henni í gönguferð daginn áður. Hún ætlaði að fara upp á efstu hæð skálans sem stóð opinn, og kasta sér út um gluggann. Þó varð lífslöngunin sem okkur er eðlislæg allt frá viðkvæmum æskuárunum, og sér í lagi hin dulda sjálfsánægja sem hún fann fyrir vegna fegurðar sinnar, til þess að hún táraðist yfir dauða sínum þar sem hún gekk hægum skrefum í átt að staðnum þar sem hún hafði ákveðið að kveðja þennan heim.

Þar sem hún gekk eftir stígnum sem lá upp að skálanum, birtist skyndilega hávaxinn maður, dökkhærður og vel búinn, dökkur yfirlitum en glaðlegur og vingjarnlegur á svip þegar hann talaði til hennar: „Hvert ætlar þú, barnið gott?, sagði hann, mér finnst sem ég sjái tár renna úr augum þínum. Segðu mér, hvað veldur slíkri angist? Það verður að vera afar sérkennilegt til að ég geti ekki hjálpað þér.“ „Því miður! svaraði Rósaní, það er ekki til nein lækning við sorginni sem þjakar mig og því er allsendis óþarft að ég segi þér frá því.“ „Ef til vill, svaraði ókunni maðurinn, er staðan ekki eins vonlaus og þú heldur og að minnsta kosti er léttir að ræða málin. Segðu mér frá vandræðum þínum, engum er betur treystandi fyrir þeim en mér.“ „Þar sem þú hvetur mig svona eindregið til þess, svaraði Rósaní, þá skal ég segja þér frá lífshlaupi mínu.

Ég var svo ólánsöm að fæðast inn í fátæka fjölskyldu. Faðir minn var hinn vænsti bóndi, heiðarlegur og skynsamur, sem hafði áunnið sér svo mikið traust meðal íbúa þorpsins okkar og bæjanna í kring, að hann var sáttasemjari í öllum ágreiningsmálum sem upp komu. Og þar sem hann var hógvær og hlédrægur gáfu þeir honum viðurnefnið *hinn fámáli*. Þessi faðir, sem unni mér svo heitt, hafði áður gegnt herþjónustu og notið fulls trausts herforingjans. Ástæðan var sú að hann átti ekki til þennan ógeðfellda durgshátt sem einkennir þá sem aldrei hafa farið út fyrir þorpsmörkin. Allt frá bernsku minni lagði hann sig fram um að veita mér alla þá menntun sem honum var unnt þannig að dálæti mitt á góðum siðum og það að ég er ekki alheimsk á ég honum einum að þakka, því að móðir mín er hræðilega ruddaleg og hefur auk þess aldrei lagt rækt við að kenna mér nokkurn

skapaðan hlut. Hún hefur aldrei sýnt mér annað en harðræði og andúð, öll hennar ástúð sneri að bróður mínum.

Þrátt fyrir dvölinu í þorpinu og þá takmörkuðu menntun sem ég hlaut í uppeldinu voru tilfinningar mínar og langanir ofar þeim bágbornu aðstæðum sem ég fæddist inn í og ollu mér hugarangri. Aðeins útlit mitt gat veitt mér huggun, það vakti mér snemma bjartar vonir um hamingju og ég var ekki orðin tólf ára þegar ég hafði unun af að spegla mig í hverjum brunni eða læk, og láta þá segja mér að mér væri án nokkurs efa ætlað að búa í betri húsakynnum en bóndakofa. Þetta var ástæðan fyrir því að ég kærði mig kollótta um athygli ungu piltanna í sveitinni. Engu að síður var ég aðeins á fjórtánda ári þegar mörg af álitlegustu mannsefnum sem stúlka í minni stöðu gat óskað sér, báðu föður minn um hönd mína. En í hvert skipti sem einhver bað mín grét ég ákaflega og sagði honum að frekar vildi ég deyja en að ganga í slíkt hjónaband, og þar sem hann unni mér svo heitt fékk hann ekki af sér að þvinga mig til að játast þeim. Móðir mín skammaðist mikið vegna þessa og hélt því stöðugt fram að hann spillti mér í blindni með undanlátsemi sinni. En þrátt fyrir allt þetta tal hennar varð hann ekki verri í minn garð, þvert á móti þá álasaði hann henni fyrir að þykja ekki vænt um mig og sagði að aðeins sonur hennar væri henni kær. Því miður leið ekki á löngu þar til ég fékk að finna hversu rétt hann hafði fyrir sér. Hann fór í ferðalag sem hann sagði okkur ekkert nánar um, en fullvissaði okkur þó um að hann kæmi fljótlega aftur. En hann hlýtur að hafa týnt lífi í þessari ógæfuför, þar sem langt er liðið frá þeim tíma sem hann sagðist verða kominn aftur.

Síðan móðir mín fékk full yfirráð yfir mér hef ég mátt sæta illri meðferð af hennar hálfu. Nú, fyrir tveimur dögum síðan gerðist það, þegar hún var að draga mig inn í húsið okkar eftir að hafa ávítað mig miskunnarlaust og hótað mér öllu illu fyrir að hafa ekki spunið nóg, að kóngssonur átti leið hjá. Hann spurði hana um ástæðu þess að hún kæmi svo illa fram við mig. Hún svaraði honum í háði, að það væri vegna þess að ég spynni of mikið. Kóngssonur hélt að henni væri alvara, og þar sem drottningin gleðst yfir alls kyns iðju, og hefur meðal annars unun af að spinna, bað hann samstundis um að fá að fara með mig til móður sinnar, drottningarinnar. Móðir mín varð himinlifandi að losna við mig og lét mig samstundis í hendur þessa fólks. Ég var kynnt fyrir drottningu sem besta og færasta spunakona í öllu kóngsríkinu, en aldrei hefur nokkur verið fjær því en ég að búa yfir þessum hæfileikum. Hvað sem því líður þá er drottningin sannfærð um það og hún ætlar mér svo skelfilega mikið verk að ég skalf á beinunum við það eitt að sjá hvað bíður

mín. Ég held að hún hafi safnað saman öllum hamptrefjum í heiminum til að þyngja mér. Þar sem ég hef megnustu óbeit á spunavinnunni og er auk þess hægvirki, þá veit ég ekki hvernig ég á að snúa mér við svo lýjandi og leiðinlegt verk. Ég hef þó ekki önnur ráð til að fá að dvelja við hirðina, þar sem ég uni mér vel, en að verða vinnukona drottningar. Ó mig auma, þegar ég kom fyrst til hallarinnar og heyrði að allir hrifust af fegurð minni, rifjaði ég upp hugmyndir sem ég hafði í hégómaskap mínum haft sem barn. Ég gerði mér vonir um að einhver aðalsmaðurinn við hirðina eða í það minnsta liðsforingi í her konungs hrifist nógu mikið af mér til að kvænast mér og að ég yrði rík. Ég hélt jafnvel um stund – ó, hvílík drambsemi! – að augu konungssonar væru full ástríðu í minn garð. Nú á ég ekkert eftir nema vonleysi! Þar sem ég kann ekki að hafa mig til, afskræmi ég það sem ég fékk í vöggugjöf, og þar sem ég get ekki spunnið nógu hratt verð ég hrakin á brott með skömm af drottningunni og verð leiksoppur öfundsjúku kvennanna sem óttuðust velgengni mína! Sjáðu til, hjálpfúsi aðkomumaður, hélt Rósaní áfram, það er ekki til nein lækning við sálarangist minni. Engu að síður, bætti hún við og andvarpaði, vonast ég til að sleppa við kvalræðið á þann hátt sem ég vil ekki nefna á nafn.“ „En, sagði aðkomumaðurinn, ef þér byðist nú gott og gagnlegt meðal til að losna við þessa kvöl, yrðir þú ekki reiðubúin að launa fyrir það og gera öðrum greiða í staðinn?“ „Allt sem ég gæti gert innan ramma skynseminnar, flýtti Rósaní sér að svara. Að heiðri og skyldurækni undanskilinni, þá er ekkert sem ég myndi ekki fórna í þakklætisskyni.“ „Úr því þú ert á þeirri skoðun, svaraði ókunni maðurinn um hæl, mun ég með ánægju taka að mér að aðstoða þig. En gerum fyrst með okkur nákvæmt samkomulag.“

„Sjáðu hér, hélt hann áfram, þennan staf sem ég held á, og taktu við honum.“ Rósaní tók stafinn og virti hann fyrir sér. Hann var ósköp lítill, úr gljáandi grábrúnum viði og skreyttur steini í síbreytilegum lit sem var hvorki agat né karneól né nokkur önnur þekkt steintegund. Það var jafn erfitt að bera kennsl á steininn og á viðinn. Þegar Rósaní hafði virt stafinn fyrir sér um stund, rétti hún ókunna manningum hann aftur og hann sagði: „Horfðu vel á þennan litla staf, hann hefur aðdáunarverða eiginleika. Um leið og þú snertir með honum hamp eða hör spinnur hann yfir daginn eins mikið og þú vilt, og með þeim fínleika sem þú óskar. Hann hefur einnig þann kost, að þegar hann snertir ull, silki og striga, er hægt að búa til hinn fegursta myndvefnað sem til er og fíngerðar útsaumsmyndir sem gefa þeim allra bestu ekkert eftir. Ég skal lána þér, hélt hann áfram, þennan töfraaprota í þrjá mánuði, að því gefnu að þú sért sammála því sem ég hef að

segja. Ef þú getur, á þessum degi eftir þrjá mánuði þegar ég kem að sækja sprotann, sagt mér um leið og þú réttir mér hann: ‚Gerðu svo vel, Rigdin-Rigdon, hér er sprotinn þinn‘, mun ég taka við honum án þess að þú sért skuldbundin mér á nokkurn hátt. En ef þú getur ekki munað nafn mitt á tilgreindum degi, og segir einfaldlega: ‚Gerðu svo vel, hér er sprotinn þinn‘, mun ég ráða örlögum þínum. Ég mun leiða þig hvert sem mér sýnist og þú neyðist til að fylgja mér.“

Rósaní íhugaði um stund hverju hún ætti að svara, en henni virtist sem auðvelt yrði að muna nafnið Rigdin-Rigdon og því fælist engin hættu í að samþykkja þessa góðu hjálp töfrasprotans. Hún gladdist þegar á laun yfir þeirri ánægju sem hún yrði aðnjótandi þegar hún gerði drambláta keppinauta sína orðlausa yfir fallegum þræðinum sem sprotinn myndi spinna. En þó var enn eitt sem olli henni hugarangri: Hún var of upptekin af öllum þeim kostum sem fegurð hennar fylgdu til að geta auðveldlega fallist á að glata nokkrum þeirra og hún hugsaði sem svo að klaufaleg hárgreiðslan og klæðaburðurinn stæðu í vegi fyrir henni. Það var henni nánast óbærileg tilhugsun að dvelja áfram í höllinni svona illa til fara. Þessar hugrenningar urðu til þess að hún svaraði viðmælanda sínum ekki um sinn. Loks mælti hún: „Herra Rigdin-Rigdon, ég fellst á þetta samkomulag sem þú býður mér, ef þú vilt bæta inn enn einu skilyrði: Að sprotinn hafi ekki einungis mátt til að spinna fagran þráð og falleg veggjöld, heldur geti hann einnig gætt hárgreiðslu og klæðnað fallegu yfirbragði og góðum þokka svo aðdáun vekji. Ef þú getur gætt sprotann, sem kemur nú þegar að svo góðum notum, þessum mætti sem er jafn nauðsynlegur hverri fallegru stúlku og næring, þá er sáttmáli okkar í höfn. „Hvort ég get, hrópaði Rigdin-Rigdon, ekkert er auðveldara en að fallast á það sem þú biður um. Félagar mínir og ég neitum aldrei konum um hæfileikann að skarta sínu fegursta ef þær vilja semja við okkur. Þess vegna sjáum við jafnvel tólf ára telpur, sem eiga allt eftir ólært, greiða sér af aðdáunarverðu listfengi og setja á sig fegurðarblett af sömu vandvirkni og fimmtugar konur. Ég get því fullyrt að um leið og þú snertir hár þitt og föt með sprotanum muntu fá allt það besta sem tískan og flinkustu saumakonur hafa upp á að bjóða, ásamt léttleika og yndisþokka sem mun hrífa hina myndarlegustu menn. „Þá fellst ég á sáttmálann, sagði Rósaní. „En þú verður að heita því, svaraði maðurinn. „Gott og vel, sagði hún aftur, ég sver órjúfanlegan eið.“ „Þá er það svo, sagði Rigdin-Rigdon, að ég hef loforð þitt, mín fagra, þar til við hittumst næst.“ Um leið og hann mælti þessi orð rétti hann henni stafinn og hvarf á braut.

Þegar Rósaní hafði fengið þennan dularfulla sprota til umráða var það hennar fyrsta verk að snerta með honum hár sitt og klæði. Síðan speglaði hún sig í næsta læk og fannst hún svo falleg og vel útlítandi að hún fann fyrir þakklæti vegna samkomulagsins sem hún var nýbúin að gera og mundi vel eftir þeim sem hún hafði samið við. Hún leit blíðlega á sprotann góða og sagði ánægð við sjálfa sig að hún hefði eignast þetta þarfaþing með lítilli fyrirhöfn.

Þar sem hún var niðursokkin í þessar ólíku hugsanir hélt hún áfram göngu sinni til hallarinnar en hún var ekki komin inn í garðinn þegar hún mætti kóngssyni. Hann hafði ekki séð hana allan daginn en þar sem ætíð er nóg um illar tungur við hirðir, komst hann ekki hjá því að heyra hversu klaufalega unga spunakonan hafði reynt að hafa sig til. Kóngsson hafði hlustað, án þess að stökkva bros, á allt sem sagt hafði verið um þetta mál en hann hafði ekki árátt að segja hversu sannfærður hann væri um að Rósaní væri falleg hverju sem hún klæddist, því að hann óttaðist að koma upp um tilfinningarnar sem hann bar til þessarar fögru stúlku.

Þegar hann kom auga á hana heillaðist hann sem fyrr af yndisþokka hennar og þegar hann hafði virt hana fyrir sér og séð að hún var allra kvenna fegurst sneri hann sér að einum þeirra sem skömmu áður höfðu þreytt hann með andlausum ummælum sem höfðu átt að vera fyndin. Kóngsson sendi honum fjölmargar háðsglósur um þann innantóma óhróður sem hann hafði viðhaft. Síðan heilsaði hann Rósaní af sömu kurteisni og hefði hún verið ein af þeim hæst settu við hirðina, og er hann gekk fram hjá henni spurði hann hana kurteislega hvort hún hefði séð sjónarspil gosbrunnanna. Þegar hún neitaði því sagðist hann vilja að þeir lékju fyrir hana daginn eftir. Hún hneigði sig djúpt fyrir honum og fór síðan til herbergis síns svo frá sér numin af gleði yfir að hafa töfrasprotann við höndina að í geðshræringu sinni gleymdi hún nafni þess sem hafði látið hana fá hann. Gleðin kom einnig í veg fyrir að hún festi svefn líkt og vanlíðanin hafði gert fyrstu nótt hennar í höllinni, og í stað þess að verja tímanum í að sofa sökkta hún sér í ljúfar hugsanir sem veittu henni meiri vellíðan en hinir fegurstu draumar hefðu gert.

Þegar dagur reis fór hún á fætur og á augabragði nýttist töfrasprotinn henni á sama hátt og færasta þerna hefði gert hinni hégómagiörnustu konu. Hún flýtti sér að kanna gagnsemi sprotans á lítið hrúgald af hör drottningar, og töframáttur hans breytti því samstundis í eitt pund þráðar sem jafnaðist á við fegursta band frá Flæmingjalandi. Hugfangin af þessum góða árangri tók Rósaní hluta bandsins frá til að sýna drottningu

um kvöldið, þó aðeins örlítið meira en dagsverk hinnar allra iðnustu og hraðvirkustu spunakonu. Í lok næsta dags, þegar hún hafði horft á sjónarspil gosbrunnanna, sem samkvæmt fyrirmælum kóngssonar hafði verið meira í lagt en um langt skeið, beið hún á þeim stað sem drottningin færi hjá á kvöldgöngu sinni. Þegar drottningin birtist tjáði Rósaní henni að þar sem hún væri laus við krampana og gigtina hefði hún unnið allan daginn og tæki sér það bessaleyfi að sýna henni afraksturinn. Drottningin tók við bandinu og virti það fyrir sér af áhuga, en þar sem farið var að rökkva og herbergin voru enn ekki upplýst, létu hún snarlega kveikja ljós í höllinni. Hún varð heilluð af fegurð bandsins umrædda og naut þess drygklanga stund að virða það fyrir sér og tala um vefnað svo að tíminn sem ætlaður var í gönguna leið hjá og hún sagðist ekki mundu halda áfram. Við það fór hluti þernanna að hvískra sín á milli um fallegu spunakonuna sem drottningin haldi á hvert reipi og gaf fyrirmæli um að hitta sig daginn eftir þegar hún færi á fætur. Eftir að hafa sofið vel um nóttina var Rósaní mætt stundvíslega hjá drottningu og tók með sér síðari hluta þess sem hún hafði spunnið. „Frú mín, sagði hún við drottningu um leið og hún sýndi henni bandið, þar sem ég sé að vinna mín hefur glatt þig og að hún gæti ef til vill orðið til þess að stytta þér stundir, þá eyddi ég nóttinni í að spinna til að sýna þér hversu brennandi áhuga ég hef.“ „Ó, blessað barn! hrópaði drottningin upp yfir sig og sneri sér að hirðmey sinni. Hún er ekki aðeins flink og hraðvirk heldur einnig kærleiksrík. En, bætti hún við og sneri sér að Rósaní, ég vil ekki að þú gerir það að vana að vaka, barnið gott, það væri slæmt fyrir heilsuna.“ „Nei, frú mín góð, svaraði Rósaní, ég mun njóta þess heiðurs að vinna fyrir þig án þess að það geri mér illt. Ég hef heilsu og styrk í samræmi við sautján ára aldur minn. Á þeim aldri eru engar hindranir. Ég bið þig þó einlæglega að sýna mér þá góðvild að leyfa mér að eiga frí nokkra tíma á degi hverjum. Þegar ég hef fengið leyfi til þess er ekkert sem kemur í veg fyrir að ég geti unnið á nóttunni.“ Drottning fullvissaði Rósaní um að þó að hún veki ekki á nóttunni ætlaðist hún til þess að hún fengi tíma til að gera eitthvað skemmtilegt á hverjum degi. Eftir þetta loforð svaraði stúlkan fagra um hæl: „Áður en ég sýndi þér, frú mín, hvers ég er megnug með hörbrúðu og snældu, þorði ég ekki að segja þér að ég hef ekki síður hæfileika til að vefa veggkjöld en að spinna, og nú þegar þú hefur séð það sem ég hef spunnið, leyfi ég mér að segja að ef þér þóknast að láta mig hafa ull, silki og striga, mun ég gera fyrir þig alls kyns veggkjöld með eins fínlegu spori eins og þú óskar.“ „Ja hérna, gall í drottningu, þessi unga stúlka er afburðafær. Jæja, barnið gott, hélt hún áfram, farðu nú og tíndu

jarðarber í ávaxtagarðinum með þernum mínum. Á eftir mun ég láta þig fá allt sem þarf í vefnaðinn og þú vinnur að honum á morgun.“ „Mig langar, frú mín, sagði Rósaní, að biðja þig um einn greiða enn: að þú verðir svo vinsamleg að fyrirskipa, að þegar ég er lokuð inni í herbergi þá fái ég að vera ein og óáreitt, án þess að nokkur komi og trufla mig eða horfi á mig vinna. Félagsskapur á ekki við þegar unnið er af eins mikilli einbeitingu og ég geri.“ „Ég fellst á þessa bön, svaraði drottning, og ég mun skipa svo fyrir að þú verðir látin í friði og hafir algjört næði.“

Eftir þetta samtal fór Rósaní og eyddi því sem eftir var dags við ýmsa dægrastyttingu og svaf um nóttina. Þrátt fyrir að hún hefði gleymt nafni eiganda töfrasprotans, velti hún þeirri yfirsjón ekki mikið fyrir sér, og þegar hún kom upp í hugann olli það henni ekki miklum áhyggjum þar sem hún efaðist ekki um að þetta nafn rifjaðist upp fyrir henni þegar hún legði sig fram um að muna það. Þar fyrir utan virtust henni þeir þrír mánuðir sem hún hafði til að njóta sprotans í friði vera jafn langur tími og hálf öld var í huga annarra.

Hvað sem því leið, þá var kóngssonur aðeins upptekinn af ást sinni og þær skemmtanir sem hann hafði áður notið mest veittu honum ekki lengur neina ánægju. Veiðar og leiksýningar þóttu honum daufleg skemmtun og honum leiddist hvar sem hann hafði ekki Rósaní fyrir augunum. Að horfa á hana, tala við hana um ást sína, sýna hana í verki og snerta hjarta hennar voru núorðið það eina sem hinn ungi kóngssonur óskaði sér. Þó þorði hann ekki að fylgja henni eins mikið eftir og hann hefði viljað þar sem hann óttaðist að hirðin yrði vör við ákafa hans. En þrátt fyrir þær varúðarráðstafanir sem hann hafði gert, höfðu gömlu hirðmennirnir þegar gert sér grein fyrir tilfinningum hans og það átti ekki síst þátt í að draga að Rósaní háðsglósur og augnagotur. Ungu mennirnir gátu engan veginn ímyndað sér að kóngssonur bæri tilfinningar til þessarar ungu og fallegu stúlku og litu aðeins á hana sem auðvelda bráð fyrir sig.

Samt sem áður fyrirskipaði drottning einni af þernum sínum að nafni Vigilentine, að fylgja Rósaní eftir hvert sem hún vildi fara og vera henni sem móðir. Vigilentine var himinlifandi yfir þessu hlutverki, henni fannst Rósaní heillandi og tók að sér með ánægju að sjá um að kenna henni allt sem hún kunni um hirðsiði og hvetja hana til að sýna af sér góða hegðun í öllu tilliti. Og þar sem þessi kona var svo glaðlynd og lífsreynd gat hún á skömmum tíma og áreynslulítið mótað framkomu Rósaní.